

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 600/1989 fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði vestra.

1. gr.

4. gr. hljóði svo:

Fyrir ný rekstrarleyfi og leyfi til skemmri tíma, skv. 9. gr. 1. töluliðs heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 1 620
2. flokkur	kr. 1 620
3. flokkur	kr. 2 930
4. flokkur	kr. 5 830
5. flokkur	kr. 8 740
6. flokkur	kr. 11 660

3. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 2 425
2. flokkur	kr. 4 850
3. flokkur	kr. 9 700
4. flokkur	kr. 19 400
5. flokkur	kr. 39 800
6. flokkur	kr. 58 200

4. gr.

6. gr. hljóði svo:

Fyrir hvert vottorð, umsögn eða eiturbeiðni, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té, greiðist kr. 1 220.

6. gr.

9. grein hljóði svo:

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna og önnur þau fyrirtæki sem sveitarfélögin reka.

7. gr.

Fylgiskjal með gjaldskrá breytist þannig: Í flokk II bætist: heilsugæslustöðvar (H – stöðvar).

Í flokk III bætist: rækjuvinnsulur og nuddstofur. Í stað orðsins „sjúkrahús“ komi „sjúkrahús og heilsugæslustöð“.

Í flokk IV bætist: ÁTVR.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er af svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit í Norðurlandshéraði vestra og samþykkt af hlutaðeigandi sveitarfélögum, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1991, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.